Fyrirspurn um opnunartíma og mönnun félagsmiðstöðva Kópavogs

Í greinagerð sem fylgir fjárhagsáætlun 2026 kemur eftirfarandi fram

“Menntasvið stefnir að því að fjölga opnunum og styrkja verulega markvisst forvarnastarf og verkefni til stuðnings við miðstigið, 5.- 7. bekk, í félagsmiðstöðvum Kópavogs. Skipulagt miðstigsstarf er mikilvæg forvörn gegn aukinni áhættuhegðun barna á þeim aldri. Einnig er stefnt að því að fjölga föstudagsopnunum á unglingastigi félagsmiðstöðva til að mæta betur þörfum þess hóps. Breytingarnar eru í samræmi við tillögur barnaþingmanna og ungmennaráðs. Nánari útfærsla og skipulag aukinnar þjónustu fer fram á næstu mánuðum í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðva. Til að gera þessar breytingar mögulegar er lagt til að veitt verði viðbótarfjárheimild sem samsvarar 20% stg. í hverja félagsmiðstöð á starfstíma skóla, þ.e. sept. til maí. Áætlaður kostnaður er 14,5 m.kr.”

Óskað er eftir upplýsingum um stöðugildi í hverri félagsmiðstöð fyrir sig, opnunartíma fyrir elsta stig og hver opnunartími miðstigs er í hverri félagsmiðstöð. Einnig er óskað eftir því að upplýsingar um fjölda nemenda á hverju stigi fyrir sig í hverjum skóla fylgi með. Að lokum er óskað eftir upplýsingum um það hver staðan er á þeim breytingum sem lýst er í greinargerðinnni og hvenær áætlað er að þeim ljúki, og ef það liggur fyrir þá upplýsingar um það hver verður opnunartími fyrir miðstig og unglingastig og fjöldi stöðugilda í hverri félagsmiðstöð fyrir sig eftir breytingarnar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 13.11 2026